



Morgunblaðið/Porkell

Auður Ólafsdóttir sýningarstjóri við verk Valgerðar Guðlaugsdóttur.



Morgunblaðið/Jim Smart

Innsetning Hannesar Lárussonar nefnist Climax.

SKYNVÍDDIR HÖGGMYNDARINNAR

Afmælissýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík verður opnuð almenningi í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag og verður opið fram á kvöld í tilefni menningarnætur. HEIÐA JÓHANNSDÓTTIR ræddi við Auði Ólafsdóttur annan sýningarstjóranna um endimörk höggmyndalistarinnar í samtímanum.

Í ÁR fagnar Myndhöggvarafélagið í Reykjavík þrjátíu ára afmæli sínu og hefur af því tilefni verið sett upp afmælissýningin „MHR-30“ í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi og verður hún opnuð kl. 13 í dag. Listfræðingarnir Auður Ólafsdóttir, forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands, og Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, annast stjórn sýningarinnar sem ætlað er að endurpepla þá miklu breidd sem ríkir innan Myndhöggvarafélagsins með tilliti til aðferða, efniviðar, framsetningar, inntaks og aldurs félagsmanna. Þar er að finna „hefðbundna“ þrívíða hluti, ljósmyndir, myndbandsverk og önnur rafræn verk, hljóðverk, textaverk, innsetningar, gólfverk, veggmyndir, inni- og útiverk. Þegar blaðamaður hittir annan sýningarstjóranna, Auði Ólafsdóttur, rétt fyrir sýningaropnun, er honum efst í huga spurningin um hvar draga skuli mörkin þegar kemur að því að skilgreina höggmyndalist í samtímanum.

„Þróun höggmyndalistar á tuttugustu öldinni helst í hendur við þróun rýmisviðhorfa í listinni, en það var ekki fyrr en á nýliðinni öld að rýmið varð til sem sýnilegt byggingarefni í myndlist, ekki síður en hið huglæga myndrými málverksins eða efnismassinn sjálfur í hinum sigildu höggmyndum. Þannig þróaðist höggmyndin úr því að vera fyrst og fremst „hlutur“ í það að vinna með spurningar um eðli þess rýmis sem verkið og áhorfandinn eru í. Rýmis- og tímavangaveltur eru í raun orðnar svo fyrirferðarmikið umfjöllunarefni í samtímalistum, að höggmyndin nær í raun til allra myndlistarverka sem taka til þrívíddarupplifana. Alla vinnu í og með rými má skilgreina sem skulptúr, allt sem sett er fram í samhengi einhvers konar þrívíddarupplifana,“ segir Auður.

Alls fjórtán listamenn eiga verk á sýningunni eða jafnmargir og stofnendur félagsins voru í ágústmánuði fyrir þrjátíu árum. Þeir eru Anna Eyjólfsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Finna Birna Steinsson, Finnbogi Pétursson, Guðjón B. Ketilsson, Halldór Ásgeirsson, Hannes Lárusson, Katrín Sigurðardóttir, Magnús Pálsson, Magnús Sigurðarson, Ólöf

Nordal, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí og Valgerður Guðlaugsdóttir.

„Það var auðvitað vandaverk að velja listamenn á sýninguna, enda telur félagið hundrað manns,“ segir Auður þegar spurt er hvað hafi ráðið valinu á listamönnum á sýningunni. „Ég held að niðurstaðan endurspeglar mjög vel íslenskan myndlistarveruleika og þau viðfangsefni og þær vinnuaðferðir sem höggmyndalistamenn eru að fást við í dag. Þótt það hafi ekki verið meðvitað stefna, má segja að kynjahlutfall listamanna sem sýna, þ.e. átta konur og sex karlmenn, samsvari nokkuð réttilega samsetningu kynja í félaginu, en þar starfa 58 konur og 42 karlmenn. Þá endurspeglar sýningin að mínu mati þann kraft og þá samræmingu ólíkra sjónarmiða varðandi eðli og hlutverk þrívíddarlistar sem einkennt hefur myndhöggvarafélagið frá upphafi. Stofnun félagsins fyrir þrjátíu árum hélt nefnilega í hendur við ákveðna þörf til að auka við inntak þess tjáningarmáta sem kenndur var við höggmyndalist, að endurskilgreina samband þrívíddarverks við umhverfi sitt, við áhorfanda, að skoða upp á nýtt feegurðargildi verks,“ segir Auður.

Milli vidda

Í aðalsal á jarðhæð sýna Rúrí, Borghildur Óskarsdóttir og Ólöf Nordal tvívíðar veggmyndir, en í miðjum salnum trónir tréristur hvalur Valgerðar Guðlaugsdóttur, yngsta þátttakanda sýningarinnar. Auður bendir á að þrívíddarlistin sé að dragast saman í tvívídd, og sé nú komin upp á veggi í formi ljósmynda eða inn í sjónvarpstækin og hátalarana. „Auður bendir þó á að útskorinn hvalur Valgerðar vísi á allt aðrar tilhneigingar, þ.e.



Morgunblaðið/Jim Smart

Tvívíð fjölskyldumynd Borghildar Óskarsdóttir lýsir „huglægum formum, höggnum úr huganum“.

vaxandi áhuga meðal yngri þrívíddarlistamanna á að vinna með rötgróna tækni og aðferðir höggmyndalistarinnar, svo sem að steypa efni í mót, skera út, smíða, sjóða saman, slípa, þússa. Þessum vinnubrögðum fylgi þó um leið tilraunir með ný efni.

Samband líkama og verks

Þegar gengið er upp á efri hæð er að finna verk sem nýta sér rafræna tækni til úrvinnslu á rými. Hljóðverk Finnboga Péturssonar fyllir einn salanna á efri hæð. Þar gengur áhorfandi inn í lokað rými þar sem þungir þúlsar fara í gegnum líkama hans úr lágtíðnihátölurum. Auður bendir á að í verki Finnboga birtist skýrt hið breytta hlutverk mannslíkamans innan höggmyndalistarinnar, sem hverfi frá því að vera viðfangsefni til þess að vera þáttur í samspili áhorfanda og verks. „Verkin á afmælissýningu Myndhöggvarafélagsins endurspeglar einnig almennt þá staðreynd að samtímahöggmyndalist tekur til mun fleiri skilningarvita, e.t.v. mætti tala um skynvíddir í því sambandi – en áður tíðkaðist. Skýrasta

dæmið eru hljóðverk, þar sem unnið er með hljóð í rými og tíma. Þá má nefna ýmis önnur skynsvið sem verkin vísa til, en verk Finnu Birnu á sýningunni fjallar til að mynda beinlínis um lykt og lyktarskyn. Í tengslum við rýmistilraunir höggmyndalistarinnar hefur tíminn jafnframt fengið aukið vægi. Öll verkin á sýningunni hér í Hafnarhúsinu eru þannig bæði rýmis- og tímatengd. Sá tími eða þeir tímar sem birtast í verkunum eru með ýmsu móti og ýmissi lögun; tími sem breyting eða hreyfing sem getur vísað bæði til þess tíma sem innbyggður er í verkið og til upplifunartíma verks, tími sem minning, hinn tilvistarlegi tími, tími sem upplifun, mældur tími og tími handverksins,“ segir Auður að lokum.

Afmælissýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík stendur í Hafnarhúsinu til 6. október. Opnunina ber upp á menningarnótt en af því tilefni býður safnið alla menningarnæturgesti velkomna í húsið sem er opið til miðnætis.

heida@mbl.is